

BÓNUS



**Samfélagsskýrsla
2022**

Orð frá framkvæmdastjóra

Það er óhætt að segja að árið 2022 hafi verið viðburðaríkt ár í verslunarrekstri og eitt það mest krefjandi í manna minnum. Kórónuveirufaraldrinum lauk hér á landi í febrúar en í sama mánuði hófu Rússar stríð í Evrópu með því að ráðast inn í Úkraínu og í kjölfarið fylgdu truflanir í aðfangakeðju og vöruverð hækkaði, í sumum tilfellum mjög mikið.

Strax í framhaldinu hækkaði orkuverð gríðalega í Evrópu, þegar þjóðir í álfunni hættu að kaupa gas og olíu frá Rússlandi. Þetta varð svo til þess að framleiðslukostnaður á matvöru og öðrum vörum hækkaði og margir framleiðendur í Evrópu lentu í vandræðum með að halda verksmiðjum sínum gangandi.

Eitt meginhlutverk Bónus er að koma vörum frá framleiðendum til neytenda á sem hagkvæmastan hátt og halda vöruverði og álagningu í lágmarki, en það hefur verið gríðarlega krefjandi verkefni í því umhverfi sem við búum við eftir að verðbólga fór að hækka.

Til að mæta hækkunum á innkaupsverði höfum við í Bónus einbeitt okkur að sjálfvirknivæðingu afgreiðslukerfa sem auka afköst og upplifun viðskiptavina. Þetta hefur orðið til þess að störf innan fyrirtækisins hafa breyst úr hefðbundnu afgreiðslustarfi á afgreiðslukassa yfir í fjölbreyttari störf sem verða til þess að verslanir eru snyrtilegri og ferskari ásamt því að áfyllingar í hillur eru tíðari.

Bónus er sem fyrr oftast með lægsta vöruverð samkvæmt könnunum en hagkvæmasta matvörukarfan vegur þungt í núverandi efnahagsástandi sífelldra hækkana. Bónus á stóran þátt í að verðbólga í matvöru á Íslandi er ekki hærrí en raun ber vitni en framlegð hefur verið undir þrýstingi og

framlegðarhlutfall farið lækkandi. Með öðrum orðum, þá hefur hækkunum á innkaupsverði ekki verið fleytt af fullum þunga út í vöruverð Bónus og endurspeglar það þá staðreynd að verðbólga á Íslandi hefur verið í við lægri en í löndunum í kringum okkur.

Þrátt fyrir miklar áskoranir á árinu hefur reksturinn gengið vel og staða Bónus er sterk, bæði fjárhagslega og á markaði. Við búum að reynslumiklu starfsfólki sem stöðugt leitar leiða til að hagræða í innkaupum og rekstri svo draga megni sem mest úr þörf á verðhækkunum til viðskiptavina og þannig vinna gegn hækkandi verðbólgu.


Á árinu 2021 hóf Bónus vinnu við að breyta útliti, uppfæra verslanir og lengja opnunartíma. Á árinu 2022 lengdum við opnunartímamann á sautján verslunum um allt land. Nú er liðið um ár síðan þessar breytingar gengu í gegn en þær hafa mælst afar vel fyrir hjá neytendum og við höfum fundið fyrir miklum meðbyr frá okkar viðskiptavinum.


Ég vil þakka starfsfólki fyrir frábært starf á árinu 2022 og hvernig það hefur brugðist við á krefjandi tímum, með jákvæðu hugarfari en starfsfólk okkar er alltaf að reyna að gera betur.



Guðmundur Marteinnsson
Framkvæmdastjóri

BÓNUS





BÓNUS



Sérstaða Bónus

Bónus í hnotskurn

Bónus er keðja lágvöruverðsverslana sem frá stofnun árið 1989 hefur boðið viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Hönnun verslana Bónus miðar öll að því að halda rekstrarkostnaði í lágmarki. Áhersla er lögð á lítinn íburð í verslunum, stöðugt kostnaðaraðhald og mikinn veltuhraða birgða. Bónus hefur lagt áherslu á einfaldleika í rekstrinum og stefnumarkandi vöruval fyrir lágvöruverðsverslun.

Eitt af leiðarljósum Bónus hefur ávallt verið að láta viðskiptavininn njóta hluta ábatans af því þegar nást hagstæðir innkaupasamningar með lágri álagningu. Í lok árs 2022 voru verslanir Bónus 31 talsins og hjá fyrirtækinu störfuðu um 1000 starfsmenn.

Það er Bónus mikilvægt að halda því trausti sem almenningur hefur sýnt verslunarkeðjunni í gegnum árin og eitt af leiðarljósum Bónus hefur ávallt verið að hafa álagningu sem lægsta. En ekki síður mikilvægt er að Bónus býður sama verð í öllum sínum verslunum um land allt sem reynst hefur afar dýrmætt fyrir heimilin í landinu. Það sannast ítrekað í verðkönnunum að Bónus býður lægsta vöruverð á Íslandi, þrátt fyrir harðnandi samkeppni.

Upphafið að rekstri Bónus


Feðgarnir Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson opnuðu fyrstu Bónusbúðina í 400 fermetra húsnæði við Skútvog, laugardaginn 8. apríl 1989. Ekki þarf að fara mörgum orðum um viðtökur landsmanna. Þær voru í einu orði sagt frábærar enda vöruverð strax miklu lægra í nýju versluninni. Salan varð strax þrefalt meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og um mitt sumar 1989 var ráðist í að opna aðra Bónusverslun, í Faxafeni 14.

Neytendur kættust eins og nærri má geta og í fréttum dagblaðanna frá 1991 má lesa hversu mikil bylting Bónus var í raun fyrir hinn almenna neytanda. Verðmunur í verðkönnunum var sagður gríðarlegur. Í DV segir í febrúar 1991: „Hátt í helmingsmunur á innkaupakörfu.“ Síðan upphéfst mikið verðstríð þar sem DV metur gróða neytenda á við 30 raðhús í Reykjavík, allt fyrir tilstilli Bónus.

**Bónus allra
landsmanna**

Umhverfið

Samfélagsskýrsla 2022



Umhverfisstefna

Andaðu léttar með Bónus

Síðastliðin ár hefur Bónus lagt aukna áherslu á verndun umhverfis og náttúru með góðri og virkri umhverfisstefnu.

Hjá Bónus er fjárfest í kolefnisbindingu til að veita á móti þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem óumflýjanlega verður í rekstrinum, sorp er flokkað vandlega og plastnotkun og matarsóun hefur minnkað verulega síðustu ár.

Við höfum ávallt lagt mikla áherslu á umhverfismál og flokkað plast, pappa og annan úrgang í fjölda ára. Bónus hætti til að mynda sölu á hefðbundnum plastpokum í október 2018 og hóf að bjóða viðskiptavinum sínum upp á 100% lífniðurbrotanlega poka í stað þeirra. Í október 2022 urðum við fyrst matvöruverslana til að hætta sölu á hefðbundnum plastpokum.

Við vitum að markviss umhverfisstefna skiptir sköpum þegar kemur að þeim aðgerðum sem Bónus hefur ráðist í og mun ráðast í, til að ná settum markmiðum í umhverfis- og samfélagsmálum.

Bónus vinnur eftir stefnunni *Andaðu léttar* þegar kemur að umhverfismálum. Málaflokkarnir fjórir sem snúa að umhverfismálum eru; kolefnisbinding, flokkun sorps, saman gegn matarsóun og minna plast.



Flokkun

Gríðarlegt magn af sorpi er flokkað á hverjum degi hjá Bónus. Það hlutfall hefur aukist ár frá ári.



Kolefnisbinding

Bónus var fyrsta matvöruverslunin til að fjárfesta í kolefnisbindingu á móti losun úr rekstri.



Gegn matarsóun


Bónus hefur frá upphafi selt útlitsgallaðar vörur og vörur á síðasta neysludegi með verulegum afslætti.




Minna plast

Bónus var fyrsta matvöruverslunin til að hætta sölu á hefðbundnum plastpokum.

BÓNUS





BÓNUS



Flokkun úrgangs

Nýtt og betra flokkunarkerfi

Á árinu 2022 var ný og endurbætt flokkunaraðstaða fyrir viðskiptavinum sett upp í öllum verslunum Bónus. Þar geta viðskiptavinir okkar flokkað bylgjupappa, pappír, rafhlöður, matarleifar/lífrænt, málma, plastumbúðir, gler með skilagjaldi og plast með skilagjaldi.

Á síðustu árum höfum við unnið markvisst að því að auka flokkun á starfsstöðvum Bónus með það að markmiði að hámarka endurvinnslu- og endurnýtingarmöguleika hvernar verslunar og að auðvelda viðskiptavinum þátttöku í flokkun og endurvinnslu úrgangs. Bónus notast við merkingakerfi FENÚR (www.fenur.is) en merkingar úr kerfinu má sjá hér til hliðar.

Framúrskarandi árangur í flokkun

Stóran hluta samdráttis í losun Bónus má rekja til árangurs á sviði úrgangsmála. Við höldum áfram að bæta í þegar kemur að flokkun úrgangs og óhætt er að segja að verulegur árangur hafi náðst í flokkun úrgangs á síðustu árum. Hlutfall flokkaðs úrgangs fór úr 70,6% á árinu 2019 og upp í 77,8% á árinu 2022. Óflokkaður úrgangur jókst lítillega á milli árunna 2021 og 2022 vegna aukinnar sölu og framkvæmda við nýjar verslanir.

- Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrarúrgangi nam 38,6% á tímabilinu 2019 – 2022.
- Heildarþyngd úrgangs frá öllum rekstri Bónus nam 3.070.649 kg, sem er 1,3% hækkun frá grunnári.
- Magn úrgangs til urðunar lækkaði um 23,7% á milli árunna 2019 og 2022. Árið 2019 fóru 893.542 kg í urðun en 681.770 kg árið 2022.

Meðhöndlun úrgangs	Eining	2019	2020	2021	2022
Flokkaður úrgangur	Kg	2.140.855	2.352.441	2.244.444	2.388.891
Óflokkaður úrgangur	Kg	891.210	758.753	654.380	681.758
Urðun / förgun	Kg	893.542	748.183	652.520	681.770
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	70,6%	75,6%	77,4%	77,8%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	70,5%	75,9%	77,5%	77,8%

Aðgerðir til kolefnisbindingar

Söfnun birkifræja

Bónus er aðalstyrktaraðili verkefnis Landgræðslunnar og Skógræktarinnar um að safna og sá birkifræjum til að rækta upp birkiskóga á Íslandi. Hægt er að nálgast söfnunarbauka í öllum verslunum Bónus. Söfnun birkifræja er skemmtilegt fjölskylduverkefni og að tína birkifræ er holl og góð hreyfing en að lokinni frætíslu er hægt að skila fræjum í fræsöfnunarkassa í Bónusverslunum. Þeim fræjum sem er safnað er svo sáð í örfoka land víða um Ísland.

Með því að klæða örfoka landsvæði birkiskógi stöðvast kolefnislosun og binding hefst í staðinn. Átakið snýr að bæði loftslags- og umhverfisvernd og er liður í því að útbreiða á ný birkiskóglendi sem þakti a.m.k. fjórðung landsins við landnám en þekur einungis 1,5% lands í dag. Markmið stjórnvalda er að birki vaxi á fimm prósentum landsins árið 2030. Það er í senn metnaðarfullt og mikilvægt starf að auka þekju birkiskóga og birkikjarrs í 5%. Það verður ekki auðvelt og því er mikilvægt að virkja sem flesta til þátttöku.

Bónus græðir landið

Árið 2022 var í fyrsta skiptið mögulegt fyrir Bónus að reikna út losun vegna eldsneytis- og orkutengdrar starfsemi (umfang 3) en sú losun er tengd framleiðslu á þeirri orku og eldsneyti sem Bónus kaupir. Þessi losun hefur nú verið reiknuð aftur til ársins 2020 og því hafa tölur vegna kolefnislosunar breyst fyrir árin 2020 og 2021 frá fyrri samfélagsskýrslum.

Kolefnisspor Bónus vegna ársins 2021 var 662 tonn CO₂ ígilda og var því 6618 trjám plantað í skóginn okkar góða við Úlfjótssvatn árið 2022. Samdráttur Bónus í losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrarúrgangi nam 55,4% á tímabilinu 2019 – 2022.

Gróðursetning trjáa


Síðustu ár hefur Bónus gróðursett tré sem mótvægisáðgerð með kolefnisbindingu til að vega á móti losun gróðurhúsalofttegunda. Kolviður sá um gróðursetningu trjáa fyrir hönd fyrirtækisins fyrir árin 2019-2021.

Mótvægisáðgerðir með kolefnisbindingu fyrir árið 2022 koma til framkvæmda á árinu 2023 í gegnum Haga, móðurfélag Bónus. Hagar hafa fyrir hönd Bónus gert samning um kaup á vottuðum kolefniseiningum í bið sem jafngilda losun úr umfangi 1 og 2 á árinu 2022. Þessar vottuðu kolefniseiningar eru keyptar af Yggdrasil Carbon ehf. og hafa þær hlotið stranga gæðavottun samkvæmt Skógarkolefnisstaðli Skógræktarinnar.


Kolefniseiningarnar eru úr verkefninu Arnaldsstaðir, útgefnum árið 2022 og sem munu raungerast frá árinu 2032 til ársins 2072, en kolefniseiningar í bið verða nýttar til kolefnisjöfnunar þegar þær hafa raungerst.

Með þessu móti er vegið á móti þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem óhjákvæmilega verður í rekstrinum. Engu að síður verður markvisst haldið áfram að draga úr losun í rekstri hvar sem því verður komið við.

BÓNUS



Losun gróðurhúsalofttegunda	Eining	2020	2021	2022
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO ₂ í	849,9	712,3	691,7
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	770,1	661,8	289,1
þar af staðfestar kolefniseiningar	tCO ₂ í			289,1
þar af óstaðfestar mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	770,1	661,8	
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO ₂ í	79,8	50,5	402,6



BÓNUS



Saman gegn matarsóun

Árið 2022 pakkaði starfsfólk Bónus alls 100 tonnum af útlitsljótu grænmeti og ávöxtum í svokallaða matarávaxtapoka til þess að takmarka matarsóun.

Frá stofnun Bónus hefur það alltaf verið markmið í okkar rekstri að halda matarsóun í lágmarki því hlutverk Bónus er að koma vörum frá framleiðendum til neytenda á sem hagkvæmasta hátt.

Allur ferskur kjúklingur, ferskt lambakjöt (ókryddað) og nautakjöt sem selt er í Bónus er með innbyggt afsláttarkerfi á umbúðum sínum, svokallað "databar" sem gefur sjálfkrafa afslátt við kassann þegar líftími vörunnar er að renna út. Afslátturinn nemur 30% daginn fyrir síðasta söludag og 50% fyrir síðasta neysludag. Með þessu kerfi hafa viðskiptavinir hjálpað okkur að takmarka sóun verulega og notið þess í lægra verði um leið.

Bónus veitir einnig birgjum daglegar söluupplýsingar fyrir hverja vörutegund, brotið niður á hverja verslun og þannig fá birgjar góða yfirsýn yfir sölu og birgðir í öllum verslunum Bónus sem leiðir af sér minni matarsóun.

Bónus hefur líka leitað leiða til að búa til verðmæti úr þeim matvörum sem ekki hefur náðst að bjarga. Eitt af þeim verkefnum sem við höfum tekið þátt í er að selja handgerðar sápur sem unnar eru úr náttúrulegu hráefni og meðal annars afgangum af grænmeti og ávöxtum.

Aðgerðir Bónus síðustu ár í þágu umhverfisins gera neytendum auðveldara að flokka heimilisúrgang sem þýðir að minna fellur til af óendurvinnanlegum úrgangi sem samrýmist markmiðum um að draga úr hverskyns losun. Við verðum að læra að draga úr neyslu sem fyrst, endurnota hluti sem eru í lagi eins mikið og hægt er og endurvinna eins mikið og mögulegt er. Við leggjum okkar lóð á vogaskálarnar með því að hefja þessa vinnu fyrir viðskiptavinum okkar og nálga hlutverk okkar í losunardejuni af ábyrgð.

100

tonnum af
ávöxtum
bjargað
árið 2022



Ýmis umhverfismál

Umhverfsvænni orkumiðlar


Við gerum okkur grein fyrir því að mikla raforku þarf til að reka verslanir okkar og hefur ýmislegt verið gert til að draga úr slíkri orkunotkun. Unnið er markvisst að því innan verslana Bónus að skipta yfir í umhverfsvænni orkumiðla og orkusparandi perur (LED) í rekstri verslana. Að sama skapi byggja allar nýjar og endurhannaðar matvöruverslanir Bónus á grænum grunni þar sem einungis er notast við íslenskan umhverfsvænan kælimiðil í stað freons áður. Kerfið er talið fremst á sviði umhverfsvænna kælikerfa og er auk þess sjálfbært og öruggt. Vélbúnaður kerfisins nýtir orkuna betur og allir kælar og frystar eru lokaðir, sem tryggir jafnara hitastig og þar af leiðandi betri gæði og endingu frystivara. Ný LED lýsing, ásamt lokum á kæla og frysta hefur hingað til sparað verslunum allt að 50% af rafmagni og þeim kostnaði sem rafmagninu fylgir.

Yfirfærsla á þessum umhverfsvænu orkumiðlum er því ekki einungis umhverfsvæn, heldur stuðlar hún einnig að sparnaði í rekstri sem er einmitt markmið Bónus í hvívetna. Stöðugt er unnið að endurnýjun og uppsetningu kerfanna, ásamt því að skipta yfir í LED lýsingu innan verslana. Á árinu 2022 var lýsingu skipt út í verslunum í Kjörgarði, Langholti og Naustahverfi og á árinu 2023 reiknum við með að skipta út lýsingu í fjórum verslunum til viðbótar.

Hjólagrindur við verslanir

Eitt af samfélagsverkefnum Bónus er að koma fyrir hjólagrindum við verslanir til að auðvelda viðskiptavinum að nota umhverfsvænar samgöngur þegar kemur að verslunarferðum. Á árinu 2022 settum við upp hjólagrindur við verslanir okkar í Skipholti, Granda og Smáratorgi. Fleiri verslanir bætast við í framhaldinu en ætlunin er að koma fyrir hjólagrindum við allar verslanir Bónus.

BÓNUS





Starfsfólkið

Samfélagsskýrsla 2022



BÓNUS





BÓNUS



Eftirsóknarverður vinnustaður

Starfsfólk Bónus

Bónus er oft fyrsti vinnustaður ungs fólks og því viljum við taka vel á móti starfsfólki svo það nái að vaxa og dafna í starfi og taki gott verklag með sér áfram. Ef fólk skarar fram úr á það mikla möguleika á að ná langt innan veggja fyrirtækisins enda margir stjórnendur hjá Bónus sem hafa unnið sig upp í sínar stöður. Markmið Bónus er að stuðla að jafnrétti og jöfnum tækifærum með tilliti til kyns, kynþáttar, trúarbragða eða öðrum forsendum sem gætu haft áhrif á jafnrétti. Hlutfall kvenna er um 42% og karla um 58%. Mikill fjölbreytileiki er í starfshópi Bónus en starfsfólk Bónus er um 1000 talsins.

Fræðsla og þjálfun

Starfsmannþjálfun er mjög mikilvægur þáttur í okkar starfi því við viljum tryggja að fólki líði vel og viti til hvers er ætlast af því, þannig myndum við jákvæðan og góðan vinnustað sem skilar sér í betri þjónustu við okkar viðskiptavini. Við leggjum áherslu á mannleg samskipti, gott verklag og að starfsfólkið nái góðu valdi á sínu starfshlutverki. Við gerum það með verklegri þjálfun og fræðslu á starfstöðum okkar um allt land. Árið 2022 innleiddum við samskiptamiðilinn Workplace þar sem við tengjum saman starfsfólkið okkar og miðlum upplýsingum. Þar getur starfsfólk einnig nálgast mikilvægar upplýsingar og allskonar fræðslu um starfsemi Bónus. Einnig hefur verið settur af stað Bónusskóli sem starfræktur er einu sinni í mánuði þar sem lögð er áhersla á þjálfun fyrir nýtt starfsfólk.

Heilsa og vinnuvernd

Bónus hvetur starfsfólk til hollustu og heilbrigðs lífneris. Við bjóðum starfsfólki okkar líkamsræktarstyrk og aðgengi að ávöxtum og grænmeti á vinnutíma.

Atvinna með stuðningi

Við höfum um árabil verið virkur þátttakandi í „Atvinna með stuðningi“ verkefninu sem unnið er í samstarfi við Vinnumálastofnun. Við erum einn stærsti vinnustaður AMS á Íslandi og í dag vinna um 40 manns hjá okkur í gegnum þetta frábæra samstarf Bónus og Vinnumálastofnunar. Verkefnið gengur út á að veita fólki vinnu sem er með skerta starfsgetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar. Með samstarfinu er lögð áhersla á góða samvinnu þar sem færni starfsmannsins er höfð að leiðarljósi.

Atvinnutengt nám

Bónus hefur einnig boðið til sín nemendum úr 9. og 10. bekk grunnskóla í atvinnutengt nám. Þetta nám hefur hentað nemendum með námsleiða, námserfiðleika eða þeim sem vilja tilbreytingu frá námsbókunum og þannig kynnast betur hvernig er að vera á vinnumarkaði.

Launastefna

Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefnan er órjúfanlegur hluti af launastefnu Bónus og er henni ætlað að tryggja öllum starfsmönnum sem starfa hjá fyrirtækinu jöfn tækifæri eins og kveðið er á um í lögum og stjórnarskrá um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Markmið stefnunnar er að tryggja að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri og koma í veg fyrir hvers konar mismunun.


Bónus hefur innleitt jafnlaunakerfi sem nær til allra starfsmanna og er ætlað að framfylgja settum stefnumiðum. Jafnlaunakerfið var innleitt og því er viðhaldið í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST 85.

Launamunur er í dag 2,1%, körlum í hag.

	2019	2020	2021	2022
Frávik	1,0%	1,2%	1,8%	2,1%
Körlum/konum í hag	Karlar	Karlar	Karlar	Karlar
Skýringarlutfall	83%	87%	86%	75%
Fjöldi	934	899	1033	1146


Jafnlaunamarkmið Bónus

1. Bónus er vinnustaður þar sem bæði karlar og konur eiga jafna möguleika til starfa.
2. Bónus er vinnustaður þar sem allir, óháð kyni, njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.
3. Bónus er vinnustaður þar sem starfsfólk getur samræmt vinnu og einkalíf.
4. Bónus gætir þess að allt starfsfólk hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.
5. Bónus líður ekki einelti, fordóma, kynbundið ofbeldi, kynbundna eða kynferðislega áreitni.




JAFNLAUNAVOTTUN
2022-2025

BÓNUS



Samfélagið

Samfélagsskýrsla 2022



Lægsta verðið um allt land

Vörulína með merki Bónus

Bónus hefur frá stofnun boðið viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Það er Bónus mikilvægt að halda því trausti sem almenningur hefur sýnt verslunarkeðjunni í gegnum árin og eitt af leiðarljósum Bónus hefur ávallt verið að hafa álagningu sem lægsta.

Eitt stærsta samfélagsverkefni Bónus frá stofnun hefur verið að bjóða sama lága verðið um land allt og hefur Bónus haft afgerandi áhrif á vöruverð til íbúa og annarra viðskiptavina í þeim bæjarfélögum þar sem Bónus er með starfsemi.



Til að koma til móts við breyttar neysluvenjur viðskiptavina hefur vöruúrval Bónus aukist til muna með hverju ári. Í dag er Bónus með yfir 3.000 vörunúmer í verslunum sínum. Vöruúrvalið er því mjög fjölbreytt og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í hillum Bónus. Þrátt fyrir aukið vöruúrval hefur Bónus aldrei kvikað frá upprunalegri hugmyndafræði sinni, að selja gæðavörur á lægsta mögulega verði.


Í viðleitni okkar til að tryggja lægsta vöruverðið höfum við verið með vörulínu sem ber merki Bónus en þessi vörulína hefur verið að stækka jafnt og þétt síðustu árin.

Nú eru um 335 Bónusvörur hluti af vörulínunni en nánast allar vörurnar eru framleiddar á Íslandi eða þeim pakkað hér á landi. Bónus vörulínunni er ætlað að tryggja neytendum lægsta mögulega vöruverð. Bónus vörulínan nær yfir flest allar hefðbundnar matvörur til heimilishaldsins og eru oftast mest seldu vörurnar í Bónus í hverjum flokki. Bónusréttirnir og Bónussúpurnar eru dæmi um vel heppnaða vörulínu sem slegið hefur í gegn.

Vörulínan fékk fyrst nýtt útlit samhliða útlitsbreytingum í nóvember 2021 en breytingar á útliti vara hefur að mestu átt sér stað á árinu 2022 og enn erum við að uppfæra útlit samhliða því að taka inn fleiri vörur í vörulínuna.

BÓNUS





BÓNUS

Betri þjónusta á landsbyggðinni

Norðurtorg Akureyri

Opnaði 21. maí



Ný verslun Bónus á Akureyri

Ný matvöruverslun Bónus var opnuð þann 21. maí 2022 í verslunarkjarnanum Norðurtorgi á Akureyri og er verslunin glæsileg í alla staði, rúmlega 2000 fermetrar að stærð. Fyrir er Bónus með tvær aðrar verslanir á Akureyri; við Langholt og Kjarnagötu. Nýja verslunin á Norðurtorgi er því þriðja Bónusverslunin á Akureyri og þjónusta Bónus við Akureyringa verður því enn betri eftir opnun nýju verslunarinnar. Þá má einnig geta þess að opnunartími verslana á Akureyri hefur lengst því nú er opið frá 10-20 í öllum verslunum okkar á Akureyri.

Við erum afar ánægð með nýju verslunina á Norðurtorgi og líftum á svæðið sem framtíðarverslunarsvæði á Akureyri. Gott aðgengi er að versluninni sem er með fjölda bílastæða og rafhleðslustöðvar.


Nýja verslunin er byggð á grænum grunni og þar er að mörgu að huga. Til dæmis notum við íslenskan CO2 kælimiðil fyrir kæli- og frystivélar sem er frá Hæðarenda í Grímsnesi. Einnig eru Led lýsingar sem spara orku í allri versluninni, bæði að utan sem innan.

Rúmgott svæði er til sorpflokkunar þar sem viðskiptavinir geta flokkað umbúðir og losað sig við ílát eftir innkaup.

Sérstök áhersla er á umhverfisvænar umbúðir og fjölnota burðarpoka. Verslunin mun hafa að leiðarljósi að efla þjónustu við íbúa Norðurlands og leggja sérstaka áherslu á að bjóða vörur úr nærumhverfi. Vöruúrval verslunarinnar mun verða fjölbreytt og á sama lága verðinu eins og í öðrum verslunum Bónus um allt land.

Ýmis samfélagsleg verkefni

BÓNUS



■ Söfnun fyrir íbúa Úkraínu

Verslanir Bónus buðu viðskiptavinum upp á að styrkja íbúa í Úkraínu með framlagi til hjálparstarfs Rauða krossins þegar þeir versluðu á vormánuðum ársins. Viðskiptavinum var boðið upp á að bæta við 500 kr styrktarupphæð við vörukaup sín og Hagar, móðurfélag Bónus, bætti síðan við mótframlagi að sömu upphæð. Alls söfnuðust um 30 milljónir í neyðarsöfnuninni fyrir íbúa Úkraínu. Fjármagnið var nýtt til aðstoðar við þolendur stríðsins í Úkraínu og veita þeim neyðarþjónustu eins og að tryggja aðgengi að mat, vatni, heilbrigðisþjónustu, húsaskjóli og sálrænum stuðningi.

■ Bónus páskaegg til Grænlands

Bónus hefur í áraðir verið einn helsti bakhjarl Hrafns Jökulssonar og Grænlandsvina sem standa árlega fyrir mörgum hátíðum vítt og breitt um Grænland. Bónus og Grænlandsvinir sendu páskaegg til barnanna í Ittoqqortoormiit, afskekktasta þorps Grænlands en hátt í hundrað börn fengu páskaegg árið 2022.

■ Bónus og Blindrafélagið

Allt frá því að Bónus hóf starfsemi árið 1989 hefur fyrirtækið verið stoltur samstarfsaðili Blindravinnustofunnar. Blindravinnustofan gegnir mikilvægu hlutverki í því að skapa blindu og sjónskertu fólki atvinnu en stærsti hluti starfseminnar er þökkun á hreinlætisvörum til endursölu. Bónus selur auk þess dagatal þar sem hagnaður fer í kaup á leiðsöguhundum fyrir blinda og sjónskerta.

■ Bónus og Veraldarvinir

Bónus er stoltur samstarfs- og styrktaraðili Veraldarvina en Veraldarvinir eru íslensk sjálfbodasamtök sem setja umhverfismál í öndvegi. Markmið Veraldarvina er að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og betri umgengni manna við umhverfið. Um 1500 sjálfbodaliðar koma til landsins á vegum Veraldarvina árlega og einbeita sér að náttúruvernd, m.a. með því að leggja gönguleiðir og rækta plöntur en einnig með hreinsun íslensku strandlengjunnar.

■ Styrkir til íþróttará á árinu


Við höfum verið iðin við að styðja hvers kyns íþróttá- og æskulýðsstarf. Bónus er styrktaraðili fjölda íþróttafélaga um allt land, þá einna helst í hand-, fót- og körfubolta. Má þar nefna FH, Stjörnuna, Hauka, Gróttu, Reyni Sandgerði, KA, ÍA, Selfoss, Þróttur Vogar, Vestri og Aftureldingu.

■ Styrkir til hjálparsamtaka


Bónus styrkir ýmis verkefni og þá sérstaklega hjálparsamtök eins og Hjálparstarf kirkjunnar og mæðrastyrksnefndir um land allt. Flest þessara verkefna hafa verið í gangi lengi.

■ Betra aðgengi fyrir aldraða

Við bjóðum upp á sérstakar ókeypis ferðir fyrir aldraða á höfuðborgarsvæðinu í verslanir okkar til að létta þeim umstangið við að komast í matvöruverslun til að versla sér í matinn.



BÓNUS



Fatalína frá Bónus

Bæði nýtt og gamalt


Í ágúst 2022 setti Bónus á markað nýja fatalínu með derhúfum, bolum og hettupeysum á sannkölluðu Bónusverði. Fatnaðinn var til að byrja með hægt að kaupa í nokkrum verslunum Bónus; Kjörgarði, Smáratorgi, Fitjum, Selfossi, Hveragerði, Borgarnesi og á Akureyri.

Gamli Bónusgrísinn átti sérstakan stað í hjörtum Íslendinga. Eftir að við uppfærðum grísinn þá höfum við fengið fjölda fyrirspurna hvort að hægt sé að fá boli og annan fatnað með grísum. Við ákváðum að verða við þessari ósk viðskiptavina og heiðrum nú gamla grísinn með svokallaðri retro-línu sem aðeins er fánleg í svörtu.

Vörurnar með nýja grísum eru heldur í léttari ljósum lit sem passar vel við skæra bleika litinn. Bónus grísinn er samofinn íslenskrri menningu og í miklu uppáhaldi hjá neytendum enda seldist fyrsta upplag af Bónus fatalínunni upp.

Ný vefverslun

Bónus opnaði í lok árs vefverslun með fatalínunni sem kom í nokkrar verslanir Bónus í haust. Upphaflega var aðeins hægt að kaup fatnaðinn í nokkrum völdum Bónusverslunum en vegna mikillar eftirspurnar erlendis frá ákváðum við að opna vefverslun. Viðtökurnar við fatalínu Bónus hafa verið mjög góðar og farið fram úr okkar björtustu vonum. Við fáum næstum daglega fyrirspurnir um hvort að ekki sé hægt að fá varninginn sendan bæði innanlands og erlendis. Það er einstaklega ánægjulegt að geta orðið við þessum óskum með nýju netverslunni. Nú geta viðskiptavinir pantað sér hátísku derhúfu, peysu eða boli með gamla eða nýja grísum og fengið sent heim að dyrum, hvar sem er í heiminum. Allt á sannkölluðu Bónusverði!



Nýsköpun

Uppsprettan

Uppsprettan er nýsköpunarsjóður á vegum Haga en öll dótturfélögin taka þátt í starfi sjóðsins. Tilgangurinn er að styðja frumkvöðla til nýsköpunar og þróunar í íslenski matvælaframleiðslu. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á stuðning við frumkvöðlaverkefni sem að taka tillit til sjálfbærni við framleiðslu. Þá leggur sjóðurinn einnig áherslu á flutning, þökkun og stuðning við innlenda framleiðslu. Tólf sprotaverkefni fengu nýsköpunarstyrk Uppsprettnnar árið 2022 að heildarverðmæti 16 milljón króna.


Uppsprettan veitir frumkvöðlum ekki bara fjárhagslegan styrk til nýsköpunarverkefna heldur búa fyrirtæki Haga yfir mikilli reynslu og þekkingu í verslun, innflutningi og framleiðslu á matvælum.

Bónus hefur alltaf lagt áherslu á íslenskar vörur og í dag eru um 70-75% af öllum vörum Bónus keyptar af innlendum birgjum og framleiðendum. Uppsprettan er mikilvæg leið fyrir okkur í Bónus að auka við íslenskt vöruúrval í framtíðinni.

Starfsfólk Bónus hefur veitt fjölda verkefna sem hlotið hafa styrk frá Uppsprettnni ýmiskonar ráðgjöf í tengslum við framleiðslu, dreifingu og sölu. Slagorð Uppsprettnnar er "Virkjum kraftinn og gerum það saman." Það er okkar hugsjón að kraftur frumkvöðla með stuðningi og þekkingu starfsfólks Haga leiði af sér nýjar hugmyndir sem að stuðla að grósku í sjálfbærari framleiðslu í matvælaíðnaði, landsmönnum öllum til góða.




BÓNUS



Styrkhafar Uppsprettnnar 2022

- **Hops** er ný tegund áfengislausra drykkja.
- **Smjer** er allt sem þú þarft í einu smjörstykki til þess að gera dýrindis sósu á örskammri stundu.
- **Baða** framleiðir íslenskar sápur úr íslenskum hráefnum. Meðal annars úr afgangi grænmeti og ávöxtum.
- **Svepparíkið** vinnur að þróun og ræktun á sælkeramatsveppum úr lífrænum úrgangi frá matvælaíðnaði.
- **Sifmar** er sprotafyrirtæki sem að vinnur að framleiðslu á hollum íslenskum barnamat.
- **Úr sveitinni** vinnur að ræktun á gulrætum í öllum regnbogans litum.
- **Máltíð á mettíma** er vöruháttur frostpurkkaðra rétta.
- **Bökum saman** er fjölskyldufyrirtæki sem að auðveldar fjölskyldum að skapa saman gæðastundir við bakstur.
- **Krispa fiskisnakk** eru kryddaðar snakkflögur sem innihalda íslensk hráefni og þurrkaðan íslenskan fisk.
- **Mijita** er sprotafyrirtæki sem að framleiðir matvæli byggð á Kólumbískri matargerð.
- **Anna Marta** framleiðir heilsuvörur úr íslenskum hráefnum.
- **Ella Stína** er sprotafyrirtæki sem að framleiðir eingöngu vörur úr hráefni úr plönturíkinu.

Heimsmarkmiðin




Samfélagsskýrsla 2022



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

BÓNUS



Árið 2000 settu Sameinuðu þjóðirnar fram Þúsaldarmarkmið til ársins 2015 sem sneru fyrst og fremst að þróunarríkjunum. Mikill árangur náðist og því var ákveðið að setja ný markmið til ársins 2030 og ná þau til allra ríkja heims.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru svo samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og ná bæði til alþjóðasamstarfs og innanríkismála. Þau eru samtengd og órjúfanleg og er þeim ætlað að mynda jafnvægi milli umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta og leiða þannig til sjálfbærrar þróunar. Markmiðin eru algild, sem merkir að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til að innleiða þau bæði innanlands og með alþjóðasamstarfi.



Bónus og heimsmarkmiðin

Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull. Þau krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila til að markmið um sjálfbærni náist fyrir 2030. Við höfum forgangsraðað sex heimsmarkmiðum út frá stefnumiðum Bónus. Þessi sex markmið tengjast kjarnastarfsemi okkar, starfsemi móðurfélagsins og forgangsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

Markmiðin okkar

Markmið 2

Ekkert hungur

Markmið 3

Heilsa og vellíðan

Markmið 5

Jafnrétti kynjanna

Markmið 8

Góð atvinna og hagvöxtur

Markmið 12

Ábyrg neysla og framleiðsla


Markmið 13

Aðgerðir í loftslagsmálum



Tenging við heimsmarkmiðin

BÓNUS



Ekkert hungur



Við styðjum við heimsmarkmið 2 um ekkert hungur á eftirfarandi hátt:

- Við styðjum heimsmarkmið 2 með því að gefa inneignarkort fyrir matarkaup í okkar verslunum til hinna ýmsu góðgerðamálefna.
- Við seljum mat sem farinn er að nálgast síðasta neysludag á verulegum afslætti.

Heilsa og vellíðan



Við styðjum við heimsmarkmið 3 um heilsu og vellíðan á eftirfarandi hátt:

- Bónus er eina matvörukeðjan á Íslandi sem aldrei hefur selt tóbak.
- Við hvetjum starfsfólk til bættrar heilsu og aukinnar vellíðunar með því að veita árlegan líkamsræktarstyrk fyrir starfsfólk.

Jafnrétti kynjanna




Við styðjum við heimsmarkmið 5 um jafnrétti kynjanna á eftirfarandi hátt:

- Við höfum sett okkur jafnlaunastefnu og jafnréttisáætlun sem miðar að því að tryggja jöfn laun og réttindi kynjanna.
- Við greiðum sömu laun fyrir jafn verðmæt störf og Bónus hefur hlotið jafnlaunavottun samkvæmt ÍST 85:2012.

Tenging við heimsmarkmiðin

BÓNUS



Góð atvinna og hagvöxtur



Við styðjum við heimsmarkmið 8 um góða atvinnu og hagvöxt á eftirfarandi hátt:

- Erum sanngjörn með kaup og kjör, og er hár starfsaldur innan fyrirtækisins til marks um þetta.
- Við líðum ekki einelti, fordóma, kynbundið ofbeldi, kynbundna eða kynferðislega áreitni og gætum þess að allt starfsfólk hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.
- Við höfum um árábil verið einn stærsti þátttakandinn í „Atvinna með stuðningi“ verkefniinu sem gengur út á að veita fólki vinnu sem er með skerta starfsgetu vegna andlegrar og/eða líkamlegrar fötlunar.

Ábyrg neysla og framleiðsla



Við styðjum við heimsmarkmið 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu á eftirfarandi hátt:

- „Saman gegn matarsóun“ verkefnið hefur verið starfrækt frá upphafi rekstrar. Mikil áhersla lögð á að lágmarka rýrnun í fyrirtækinu sem er mjög lítil miðað við eðli rekstrar. Ávextir á síðasta snúningu eru boðnir á verulegum afslætti til viðskiptavina og kjúklingur fer sjálfkrafa á afslátt þegar hann nálgast síðasta sölundag.
- Við þrýstum á innlenda birgja að minnka plast í umbúðum og að setja upp tvöfalt strikamerki á ferskvöru sem hjálpar við að sporna gegn matarsóun.
- Við notum minna plast í umbúðir fyrir bakkelsi og minna plast í umbúðir fyrir fyrirtækið Ferskar Kjötvörur sem fór úr plastbökkum yfir í 100% endurvinnanlegar umbúðir sem hafa 70% minna plast en áður.

Aðgerðir í loftslagsmálum




Við styðjum við heimsmarkmið 13 um aðgerðir í loftslagsmálum á eftirfarandi hátt:

- Við hættum að selja hefðbundna plastburðarpoka í október 2022.
- Erum aðalstyrktaraðilar verkefnis Landgræðslunnar og Skógræktarinnar um að safna og sá birkifræjum til að rækta upp birkiskóga á Íslandi.
- Kolefnisbindum með skógrækt alla losun gróðurhúsalofttegunda sem myndast við rekstur fyrirtækisins.
- Gefum moltu á hverju vori til viðskiptavina. Bæði í Bónus Kauptúni og Bónus Korputorgi geta viðskiptavinir fengið moltu endurgjaldslaust, en moltan er einmitt gerð meðal annars úr lífrænum úrgangi verslunarinnar.

Sjálfbærnimarkmið og árangur 2022

BÓNUS




Heiti markmiðs	Heimsmarkmið SP	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Markmið 2022	Staða markmiða í lok árs 2022
Umhverfið					
Auka framboð á umhverfisvænni vöru	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	LED lýsing í verslanir	Skipta út eldri lýsingum í LED lýsingar í 2 verslunum Bónus	LED var innleitt í 3 verslanir Bónus á árinu 2022; Kjörgarði, Langholti og Naustahverfi.
Endurvinnsla umbúða	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Hærra endurvinnsluhlutfall	Hækka endurvinnsluhlutfall um 1%	Hækkunin nam 0,3%
Minna kolefnisspor	13 - Aðgerðir í loftslagsmálum	Umhverfi	Minna kolefnisspor	Minnka kolefnisspor um 2%	Minnkunin nam 2,9%
Minni sóun matvæla	13 - Aðgerðir í loftslagsmálum	Umhverfi	Minnkum matarsóun	Koma upp sérstökum vel merktum stöndum í verslanir sem eru aðgengilegri fyrir viðskiptavinum	Standar hafa verið settir upp í nokkrar verslanir en þetta verkefni er enn í gangi
Mannauðurinn					
Jafnlaunavottun	5 - Jafnrétti kynjanna	Starfsmannamál	Launagreining	Minna en 3%	Þetta markmið náðist en launamunur var 2,1% á árinu 2022.
Samfélagið					
Matargjafir til hjálparsamtaka	2 - Ekkert hungur	Samfélagsleg ábyrgð	Matargjafir til bágstaddra	Auka matargjafir um 5%	Það náðist ekki að auka matargjafir 2022.
Ábyrg innkaup aðfanga	8 - Góð atvinna og hagvöxtur	Samfélagsleg ábyrgð	Mótun innkaupastefnu	Versla meira í heimabyggð	Þetta markmið náðist ekki á árinu 2022.
Heilsa og vellíðan viðskiptavina	3 - Heilsa og vellíðan	Samfélagsleg ábyrgð	Lýðheilsa	Bónus selur ekki tóbak	Bónus er tóbakslaus verslun
Heilsa og vellíðan viðskiptavina	3 - Heilsa og vellíðan	Samfélagsleg ábyrgð	Bætt aðstaða fyrir hjólafólk	Fjölga hjólastöndum við verslanir	Hjólastandar voru settir upp við Skipholt, Granda og Smáratorg á árinu 2022.

Taflan sýnir hvernig samfélagsverkefnið okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.


Sjálfbærnimarkmið 2023

BÓNUS



Heiti markmiðs	Heimsmarkmið SP	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Markmið 2023
Umhverfið				
Auka framboð á umhverfisvænni vöru	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	LED lýsing í verslanir	Skipta út eldri lýsingum í LED lýsingar í 3 verslunum Bónus.
Endurvinnsla umbúða	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Hærra endurvinnsluhlutfall	Hækka endurvinnsluhlutfall um 1%
Minna kolefnisspor	13 - Aðgerðir í loftslagsmálum	Umhverfi	Minna kolefnisspor	Minnka kolefnisspor um 2%
Minni sóun matvæla	13 - Aðgerðir í loftslagsmálum	Umhverfi	Minnkum matarsóun	Koma upp sérstökum vel merktum stöndum í verslanir sem eru aðgengilegri fyrir viðskiptavini.
Mannauðurinn				
Jafnlaunavottun	5 - Jafnrétti kynjanna	Starfsmannamál	Launagreining	Minna en 3% launamunur á milli kynjanna
Samfélagið				
Matargjafir til hjálparamtaka	2 - Ekkert hungur	Samfélagsleg ábyrgð	Matargjafir til bágstaddra	Auka matargjafir um 5%
Ábyrg innkaup aðfanga	8 - Góð atvinna og hagvöxtur	Samfélagsleg ábyrgð	Mótun innkaupastefnu	Versla meira í heimabyggð
Heilsa og vellíðan viðskiptavina	3 - Heilsa og vellíðan	Lýðheilsa	Bónus selur ekki tóbak	Bónus selur ekki tóbak
Heilsa og vellíðan viðskiptavina	3 - Heilsa og vellíðan	Samfélagsleg ábyrgð	Bætt aðstaða fyrir hjólafolk	Setja upp 3 nýja hjólastanda við verslanir Bónus.

Taflan sýnir hvernig samfélagsverkefnið okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.



BÓNUS



Sjálfbærniuppgjör Bónus vegna ársins 2022 er gert í samræmi við UFS leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019. Leiðbeiningarnar eru byggðar á leiðbeiningum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI 100-400) og meginviðmið) og alþjóðlegrar yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna (The Ten Principles of the UN Global Compact).

Bónus notar stafræna tækni Klappa grænna lausna hf. til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun gagna, úrvinnslu og miðlun upplýsinga sem tengjast sjálfbærni félagsins.

Lykilþættir úr ESG-skýrslu

Kolefnisuppgjör

Losun Bónus nam 691,7 tonnum koltvísýringsígilda. Losun í umfangi 1 og 2 nam samtals 289,1 tCO₂í.

Mótvægisáðgerðir með kolefnisbindingu fyrir árið 2022 koma til framkvæmda á árinu 2023 í gegnum Haga, móðurfélag Bónus. Hagar hafa fyrir hönd Bónus gert samning um kaup á vottuðum kolefniseiningum í bið sem jafngilda losun úr umfangi 1 og 2 á árinu 2022. Þessar vottuðu kolefniseiningar eru keyptar af Yggdrasil Carbon ehf. og hafa þær hlotið stranga gæðavottun skv. Skógarkolefnisstaðli Skógræktarinnar. Kolefniseiningarnar eru úr verkefninu Arnaldsstaðir, útgefnum árið 2022 og sem munu raungerast frá árinu 2032 til ársins 2072, en kolefniseiningar í bið verða nýttar til kolefnisjöfnunar þegar þær hafa raungerst.

Orkunotkun

Heildarorkunotkun Bónus nam 23.039.743 kWh. Orkunotkun samanstendur af rafmagns-, heitavatns-, og eldsneytisnotkun. Óbein orkunotkun vegna rafmagns og heitavatnsnotkunar nam 22.751.396 kWh.

Helstu losunarþættir

Stærsti losunarþáttur Bónus árið 2022 var losun vegna úrgangs.

Viðbætur frá síðasta uppgjöri

Bónus náði utan um losun vegna eldsneytis- og orkutengdar starfsemi í fyrsta skipti á þessu ári og sú losun var reiknuð aftur til ársins 2020.


Úrgangur

Stóran hluta samdráttis í losun Bónus má rekja til árangurs á sviði úrgangsmála:

- Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrarúrgangi nam 38,6% á tímabilinu 2019 – 2022.
- Heildarþyngd úrgangs frá öllum rekstri Bónus nam 3.070.649 kg, sem er 1,3% hækkun frá grunnári.
- Magn úrgangs til urðunar lækkaði um 23,7% á milli áranna 2019 og 2022. Árið 2019 fóru 893.542 kg í urðun en 681.770 kg árið 2022.

Lykilþættir úr ESG-skýrslu

BÓNUS



Losun gróðurhúsalofttegunda	Eining	2020	2021	2022
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO ₂ í	849,9	712,3	691,7
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	770,1	661,8	289,1
þar af staðfestar kolefniseiningar	tCO ₂ í			289,1
þar af óstaðfestar mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	770,1	661,8	
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO ₂ í	79,8	50,5	402,6
Orkunotkun	Eining	2020	2021	2022
Heildarorkunotkun	kWst	26.940.609	28.657.128	23.039.743
þar af orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	281.716	287.308	288.347
þar af orka frá rafmagni	kWst	12.078.621	10.106.400	10.689.196
þar af orka frá heitu vatni	kWst	14.580.272	18.263.420	12.062.200
Orkusamsetning	Eining	2020	2021	2022
Jarðefnaeldsneyti	%	1,0%	1,1%	1,3%
Endurnýjanleg orka	%	99,0%	99,0%	98,7%
Meðhöndlun úrgangs	Eining	2020	2021	2022
Samtals úrgangur	kg	3.113.374	2.898.824	3.070.649
þar af flokkaður úrgangur	kg	2.352.441	2.244.444	2.388.891
þar af óflokkaður úrgangur	kg	758.753	654.380	681.758
Endurrunnið / endurheimt	kg	2.363.011	2.246.304	2.388.879
Urðun / förgun	kg	748.183	652.520	681.770
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	75,6%	77,4%	77,8%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	75,9%	77,5%	77,8%



Árið 2022 var í fyrsta skiptið mögulegt fyrir Bónus að reikna út losun vegna eldsneytis- og orkutengdrar starfsemi (umfang 3) en sú losun er tengd framleiðslu á þeirri orku og eldsneyti sem Bónus kaupir. Þessi losun hefur nú verið reiknuð aftur til ársins 2020 og því hafa tölur vegna kolefnislosunar breyst fyrir árin 2020 og 2021 frá fyrri samfélagsskýrslum.

Taflan sýnir ófjárhagslegar upplýsingar um umhverfisleg og samfélagsleg áhrif starfseminnar.

Upplýsingar eru fengnar úr ESG-skýrslu sem unnin var í samstarfi við Klappir grænar lausnir hf. vegna ársins 2022.

Samfélagsábyrgð til framtíðar

Í þessari samfélagskýrslu birtist yfirlit yfir mörg þau umhverfisverkefni sem Bónus vinnur að með það að markmiði að auka sjálfbærni fyrirtækisins. Að auki má í skýrslunni finna hvernig samfélagsleg ábyrgð endurspeglast í framkvæmd þeirrar viðleitni okkar að hafa jákvæð áhrif á samfélagið hér á Íslandi.

Síðustu ár hafa kennt okkur að við þurfum að vera tilbúin að taka á móti breytingum, hvort sem það eru tæknibreytingar, faraldrar, stríð, verðbólga eða loftslagsbreytingar af manna völdum. Starfsfólk okkar er orðið vant að takast á við krefjandi umhverfi og hefur styrkst með hverri áskoruninni og óhætt er að segja að staða Bónus sé sterk, bæði fjárhagslega og á markaði.

Markverður árangur hefur náðst í vinnu okkar að umhverfismálum á árinu 2022 en við höldum áfram að vinna að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og leggjum þar nú sem endra nær áherslu á sex heimsmarkmið til þess að leggja okkar að mörkum svo ná megi markmiðunum fyrir árið 2030:

Markmið 2 - Ekkert hungur

Markmið 3 - Heilsa og vellíðan

Markmið 5 - Jafnrétti kynjanna


Markmið 8 - Góð atvinna og hagvöxtur


Markmið 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla

Markmið 13 - Aðgerðir í loftslagsmálum

Mikilvægasta samfélagslega verkefnið núna er að standa vörð um kaupmátt neytenda og mynda skjól gegn hárrí verðbólgu. Henni verðum við að ná niður og Bónus hefur lagt mikla áherslu á að sporna við hækkandi vöruverði til neytenda og þannig lagt sitt af mörkum til að tryggja viðskiptavinum sínum vörur á sem hagkvæmasta verði. Með þessu hefur Bónus lagt sitt af mörkum í baráttunni við verðbólguna en ljóst er að allir þurfa að leggjast á eitt í framhaldinu.

BÓNUS






Samfélagsskýrsla 2022



BÓNUS



Með þér í liði



259
kr./kg

